

VERKAMANNAFÉLAGIÐ  
ÁRVAKUR



Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1361  
komudagur 11/4 1996

Eskifirði 6. apríl 1996

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Efni: Framvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Vmf.Árvakurs Eskifirði um framangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni. Svar Vmf.Árvakurs Eskifirði fylgir hér með.

Virðingarfyllt

Fh. Vmf. Árvakurs Eskifirði

Hrafnkell A. Jónsson, formaður

Samrit sent ólur. alþingismönnum og miðstjórn ASÍ.

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum  
nr.80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari  
breytingum.**

Stjórn- og trúnaðarmannaráð Vmf. Árvakurs Eskifirði tók frumvarpið fyrir á fundi sínum þann 1. apríl 1996.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt.

Frumvarpið er gróf íhlutun í það hlutverk sem á að vera í höndum aðila vinnumarkaðarins að móta þær leikreglur sem gilda eiga í samskiptum aðila á vinnumarkaði. Ákvæði 2. gr. laganna um lögbindingu vinnustaðafélaga er bein aðför að félagafrelsinu í landinu og algerlega óþolandi.

Með frumvarpinu er verið að koma í veg fyrir að samtök launafólks og atvinnurekenda geti í frjálsum samningum mótað nothæfar leikreglur á vinnumarkaði. Viðræður voru í gangi milli aðila um þessi mál þegar félagsmálaráðherra greip inn í þær með framlagningu frumvarpsins.

Það ofurvald sem sáttasemjara er ætlað í frumvarpinu brýtur gegn öllum grundvallarreglum um lýðræði. Verði frumvarpið að lögum mun það skerða stórkostlega möguleika félagsmanna í verkalýðshreyfingunni til að hafa áhrif á ákvarðanir um afkomu sína og réttindi. Þá er það álit okkar að frumvarpið muni auka verulega á líkur á óróa og átökum á vinnumarkaði.

Stjórn- og trúnaðarmannaráð Vmf. Árvakurs Eskifirði skorar á félagsmálanefnd að leggja frumvarpið til hliðar og stuðla með því að því að launþegar og atvinnurekendur geti á friðsamlegan hátt mótað nothæfar samskiptareglur á vinnumarkaði.

*Inafurur A. Jónsson*  
*Dr. Helga Sigurjónsdóttir*  
*Jóni Sveinsson*  
*Heiðrunir Arnþórsd.*  
*Gudný Einarsdóttir*  
*Sigurður Þorleifsson*

*Sigurður Hólmur Þorjónsson*  
*Lára Elisabet Örníelsd.*  
*Guðrún Margrét Ólafsdóttir*  
*Frjósbrög Sveinisdóttir*  
*Wannabörn*  
*Jónas Þjarnar.*